

Lífisýnasafn Vefjarannsóknastofunnar (LVS4), Suðurlandsbraut 4a, 108 Reykjavík

Upplýsingar uppfærðar í mars 2022

Stjórn lífísýnasafnsins

Sverrir Harðarson læknir, formaður, Reynimel 59, 107 Reykjavík, Bjarni A. Agnarsson læknir, Tjarnargötu 22, 101 Reykjavík, Krístrún R. Benediktsdóttir læknir, Grundarlandi 14, 108 Reykjavík, *Varamenn í stjórn:*

Sígfús Þór Nikulásson læknir, Fífuhvammi 41, 200 Kópavogur, Vigdís Pétursdóttir læknir, Borgartanga 4, 270 Mosfellsbær, Lárus Jónasson læknir, Tjarnarbakka, 225 Álftanesi.

Ábyrgðarmaður lífísýnasafns

Sverrir Harðarson læknir.

Dagleg ábyrgð á lífísýnasafninu

Sverrir Harðarson læknir.

Markmið með starfrækslu safnsins

Vefjarannsóknastofan er þjónusturannsóknastofa þar sem gerðar eru rannsóknir á vefjasýnum úr sjúklingum til sjúkdómsgreininga. Hluti af hefðbundinni meinafræðiþjónustu á vefjarannsóknastofum er að varðveita innsend vefjasýni vegna hagsmuna sjúklinga og hefur því safnast saman umtalsvert magn vefjasýna á rannsóknastofunni. Gert er ráð fyrir ætluðu samþykki sjúklinga fyrir varðveislu vefjasýna í LVS4, enda hagsmunir sjúklinga ótvíræðir að sýni þeirra skuli varðveitt. Það eru skýr markmið með starfrækslu LVS4, fyrst og fremst með þjónustu við sjúklinga í huga. Vísast þar í 2. gr. og 3. gr. reglna Lífisýnasafns Vefjarannsóknastofunnar Suðurlandsbraut 4a. Sé safnið notað m.a. til vísindastarfsemi, eins og gert er ráð fyrir í lögum um lífísýnasöfn, er líklegt að innheimt verði fyrir kostnaði við afhendingu vefjasýnanna, eins og heimilt er skv. 10. gr. laga 110/2000.

Tegund lífísýna sem unnið er með:

Vefjasýnin sem unnið er með eru innsend vefjasýni send frá læknum til vefjagreiningar. Eftir hefðbundna meinafræðivinnslu sýnanna eru paraffin-innsteyptir vefjabitar og sýnagler með vefjasneiðum úr þeim notuð til smásjárskoðunar á vef við vefjagreiningar og mynda þau lífísýnasafnið.

Frá hvaða aðilum berast lífísýni

Lífisýni berast LVS4 frá læknum viðkomandi sjúklinga, þ.e. frá heilsugæslulæknum, sjálfstætt starfandi sérfræðingum og sjúkrahúslæknum, sem hafa tekið vefjasýnin til þess að leita eftir vefjagreiningu í þágu sjúklings.

Aðgangur að lífísýnunum og hugsanlegur flutningur þeirra úr landi

Eingöngu er veittur aðgangur að lífísýnum í þágu sjúklings sjálfs með persónuauðkennum og til vísindarannsóknamanna með leyfi Persónuverndar og Vísindasiðanefnda. Sýni má nota til gæðaeftirlits rannsóknastofunnar og til kennslu án persónuauðkenna.

LVS4 heimilar að senda lífísýni úr landi í þágu sjúklinga vegna sjúkdómsgreininga eða gæðaeftirlits. Annar flutningur lífísýna úr landi er háður samþykki Vísindasiðanefndar og Persónuverndar og með þeim skilyrðum sem þær setja. Að jafnaði eru sýni send út án persónuauðkenna.

Aðgangur að starfsreglum lífísýnasafnsins

Unnt er að nálgast starfsreglur LVS4 hjá ábyrgðarmanni safnsins, Sverri Harðarsyni lækni. Stjórn LVS4 veitir lífísýnisgjafa upplýsingar sem hann á rétt á skv. 14. gr. reglugerðar 134/2001, óski hann eftir þeim.